



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 5. september 2024

SFS24080205

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu innritunar í frístundaheimili

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 26. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hver er staða biðlista á frístundaheimilum borgarinnar?

Svar:

Þann 4. september 2024 voru 1.156 börn enn á biðlista að komast að í frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar. 2.893 börn hafa þegar hafið vistun, þar af eru 2.509 börn komin með fulla vistun en 384 sem hafa einungis fengið úthlutað hlutavistun.

Miðstöð	Fjöldi kt.	Samþykkt	Þar af fjöldi í hlutavistun	Biðlisti
Austurmiðstöð	1399	864	26	535
Norðurmiðstöð	1125	838	250	287
Suðurmiðstöð	653	549	102	104
Vesturmiðstöð	872	642	6	230
Samtals	4049	2893	384	1156

Verið að vinna hörðum höndum að ráðningum inn í frístundaheimilin og sértæku félagsmiðstöðvarnar. Eftir því sem tekst að manna er fleiri börnum boðin vistun. Fyrst þeim börnum sem eru í fyrsta bekk og svo koll af kalli. 97% frístundaheimilanna hafa náð umbeðinni vistun barna í 1. bekk, 70% í 2. bekk en fæst í 4. bekk eða 7% frístundaheimilanna.

Flokkur	Hlutfall frístundaheimila umbeðinni vistun náð
Umbeðinni vistun náð: 1. bekkur	97%
Umbeðinni vistun náð: 2. bekkur	70%
Umbeðinni vistun náð: 3. bekkur	24%
Umbeðinni vistun náð: 4. bekkur	7%



Reykjavík